

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 5. febrúar 2007 í máli nr. E-3019/2006:

Anna Kristín Pétursdóttir

(Einar Sigurjónsson hdl.)

gegn

Ingvari Helgasyni ehf.

(Sonja María Hreiðarsdóttir hdl.)

Mál þetta var höfðað 22. maí 2006 og dómtekið 26. f.m.

Stefnandi er Anna Kristín Pétursdóttir, Eyrarbraut 10, Stokkseyri.

Stefndi er Ingvar Helgason ehf., Sævarhöfða 2, Reykjavík.

Samkvæmt stefnu gerir stefnandi eftirfarandi dómkröfur:

„Aðallega að staðfest verði með dómi riftunarkrafa stefnanda á hendur stefnda. Jafnframt er þess krafist að stefndi endurgreiði kaupverð bifreiðarinnar BJ-752, kr. 879.750, ásamt dráttarvöxtum frá kaupdegi 1.06.2003 til greiðsludags.

Til vara er þess krafist að stefnda verði dæmt til að greiða stefnanda skaða bætur að fjárhæð 510.000 frá 16.06.2003 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalmeðferð málsins ef til kemur. Auk þess er krafist virðis aukaskatts af málsflutningsþóknun.“

Endanleg dómkrafa stefnanda, eins og hún var fram sett við munnlegan mál flutning, er óbreytt frá því sem að framan greinir að því undanskildu að höfuðstóll varakröfu var lækkaður í 430.000 krónur með því að fallið var frá 80.000 króna kröfuflið vegna mats sem einnig var krafist samkvæmt framlögðum málskostnaðar reikningi.

Af hálfu stefnda er aðallega krafist sýknu af kröfum stefnanda og máls kostnaðar úr hendi hans en til vara að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

Hin stefnda bifreiðasala seldi stefnanda bifreiðina BJ-752, Opel Vectra árgerð 1998, samkvæmt reikningi og afsali, dags. 16. júní 2003. Stefndi mun aðeins hafa átt bifreiðina um skamma hríð og aldrei notað hana. Kaupverðið, 879.750 krónur, var greitt með bílaláni og víxli.

Við sölu lá fyrir vottorð Frumherja hf. um aðalskoðun sem fór fram 22. maí 2003. Þar voru gerðar athugasemdir um ástand bifreiðarinnar varðandi eftirtalin atriði sem lagfæra þyrfti án þess að endurskoðunar væri krafist: Lýsing aðalljós, stöðuljós, númeraljós, hemlaljós, ójafnir hemlunarkraftar, hjólbarðar og flauta. Samkvæmt vottorðinu sýndi akstursmælir 81.338 km við skoðunina. Bifreiðin var á nagladekkjum og var skipt um hjólbarða fyrir afhendingu. Önnur atriði tók stefndi að sér að laga en þrátt fyrir eftirgangsmuni stefnanda dróst það til loka marsmánaðar 2004. Í stefnu greinir frá því að þegar eftir afhendingu hafi komið í ljós að kælivatn hafi lækkað í vatnskassa án þess að leki sæist undir bifreiðinni og hún hafi hitnað í lausangangi. Þáverandi sölustjóra stefnda á notuðum bifreiðum, Péttri Björnssyni, hafi verið skýrt frá þessu. Áður en bifreiðin var afhent stefnda til viðgerðar lét stefnandi framkvæma á henni ástandsskoðun hjá Frumherja hf. 23. mars 2004. Samkvæmt ástandsskoðunarskýrslunni var allt óbreytt frá framangreindu skoðunarvottorði árinu áður og jafnframt var gerð athugasemd um ófullnægjandi ástand kælivökva og fleira tengt vatnskerfinu. Stefndi lét stefnanda hafa aðra bifreið til afnota meðan viðgerð fór fram. Samkvæmt vottorði Framherja hf. um aðalskoðun 29. mars 2004 var hún án athugasemda; staða akstursmælis sýndi þá 94.338 km.

Stefnandi kveður sér hafa verið tjáð af starfsmanni stefnda eftir framangreinda viðgerð að ekkert hefði fundist við athugun á kælikerfinu og ætti kerfið að þetta sig. Þegar hún hefði beðið um yfirlit yfir það sem gert hefði verið og skrá yfir prófanir hefði sér verið tjáð að tölvukerfið væri bilað. Það ástand hafi hins vegar orðið viðvarandi að bæta þyrfti vatni á bifreiðina, u.þ.b. 1-1,5 lítra á mánuði.

Í stefnu segir að bifreiðin sé óökufær. Stefnandi bar fyrir dóminum að bifreiðin hefði orðið óökufær í september 2005 og númer verið lögð inn 23. júní 2006.

Í greinargerð stefnda segir að honum hafi borist bréf stefnanda, dags. 10. maí 2005, þar sem kvartað hafi verið yfir ætluðum göllum á bifreiðinni. Það bréf liggur ekki frammi.

Með matsbeiðni, dags. 22. nóvember 2005, var þess farið á leit við Héraðsdóm Suðurlands, f. h. Stefnanda, að dómkvaddur yrði matsmaður til að skoða og meta vél og undirvagn bifreiðarinnar BJ-752 og láta í té ítarlega, rökstudda og skriflega álitsgerð um eftirtalin atriði: „

1. Hverjar eru skemmdir á vél bifreiðarinnar BJ-752?
2. Hverjar eru orsakir skemmda á vél bifreiðarinnar BJ-752?
3. a. Leki á kælivatni.
4. b. Tímareim.

5. Hvers vegna hefur þurft að framkvæma ítrekaðar viðgerðir af hálfu matsþola?
6. Hefur bifreiðin BJ-752 lent í tjóni áður en matsbeiðandi eignaðist hana?
7. Var rétt gert við jafnvægisstangir?
8. Hverjar úrbætur þarf að gera á vél bifreiðarinnar BJ-752 og öðrum göllum og hver er kostnaður?“

Dómkvaddur var Þórhallur Steinsson bifvélavirkjameistari. Matsgerð liggur frammi. Hún er ódagsett er þar segir að matsfundur hafi farið fram 2. febrúar 2006. Í henni eru gefin eftirfarandi svör við matsspurningum:

1. „Við skoðun kom í ljós að tímareim var slitin og greinilega bognir og fastir ventlar.“
- 2.-4. „a. Leki á kælivatni. Greinilega kælivatnsleki á elementu í vatnskassa. B. Tímareim. Varðandi tímareimina er handskrifað í smur- og þjónustubók að skipt hafi verið um hana við 66482 km og einnig að skipt hafi verið um vatnsdælu og strekkjarahjól. En enginn skrifar undir né dagsetning er á þeirri viðgerð. Orsök er því óljós.“
5. „Áður en umrædd bifreiðakaup áttu sér stað þann 22.05.2003 gerði matsbeiðandi athugasemdir um að gerðar hefðu verið athugasemdir af Frumherja (bifreiðaskoðun), þar á meðal mörg atriði varðandi ljósabúnað, flautu og dekk. Síðan kemur í ljós vatnsleki á vél. Þann 23.03.2004, tæpu ári eftir að kaupin áttu sér stað er billinn tekinn af matsþola til viðgerðar. Matsmaður telur að ekki hafi tekist að lagfæra vatnsleka á vél og ekki athugað með ástand á tímareim.“
6. „Samkvæmt (fskj. 7) er lakk misþykkt á hurðum og bendir til sprautunar á vinstri framhurð, bretti einnig að aftan vinstra megin. Vinstri framhurð er skökk í hurðarfalsi.“
7. „Matsmaður telur að það sé í lagi.“
8. „Það þarf að taka upp vélina. Kostnaður við það er á bilinu 200 til 280 þús. Vatnskassi er ónýtur. Kostnaður um 30 þús.“

Hinn dómkvaddi matsmaður staðfesti matið fyrir dómi og gaf á því nokkrar skýringar. Í matinu er ekki getið um stöðu akstursmælis. Matsmaðurinn kvað bifreiðina hafa verið dregna til sín til skoðunar og síðan aftur í burtu. Hann kvaðst hafa fylgst með því að hún hefði staðið óhreyfð eftir það enda óökufær. Hann kvaðst að beiðni lögmanns stefnanda hafa aðgætt kílómetrastöðuna sem hafi verið 116.664. Með bréfi lögmanns stefnanda, dags. 21. febrúar 2006, til lögmanns stefnda var lýst yfir riftun á kaupum stefnanda á bifreiðinni BJ-752. Þar er vísað til þess að fljótlega hafi farið að bera á göllum í bifreiðinni og kaupandi hafi þá þegar haft uppi kvartanir en úrbætur stefnda hafi ekki komið að neinu gagni. Þá hafi bifreiðin verið haldin verulegum göllum samkvæmt mati dómkvadds matsmanns. Með svarbréfi 2. mars 2006 var riftun mótmælt.

Stefnandi byggir aðalkröfu sína um riftun á kaupum bifreiðarinnar BJ-752 og endurgreiðslu kaupverðsins á því að bifreiðin hafi verið haldin leyndum göllum og vísar til 30.- 40. gr. kaupalaga. Ekki hafi tekist að gera við hana þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir starfsmanna stefnda. Stefnandi hafi orðið fyrir miklu fjárhagslegu tjóni vegna viðskipta sinna við stefnda og langt umfram það sem varakrafa hennar feli í sér en bifreiðin sé nú nánast verðlaus.

Varakrafa stefnanda er reist á því að hún eigi rétt á skaðabótum verði ekki fallist á að skilyrði riftunar séu fyrir hendi. Bótafjárhæðin er þannig sundurliðuð: Viðgerðarkostnaður, sbr. mat, 280.000 krónur. Vatnskassi, sbr. mat, 30.000 krónur. Afnotamissir, 120.000 krónur.

Stefndi byggir sýknukröfu sína af aðalkröfu stefnanda á því að ósannað sé að ætlaður galli á bifreiðinni hafi verið fyrir hendi þegar afhending hennar átti sér stað og þó að það teldist sannað geti hann ekki borið ábyrgð á slíkum leyndum galla í notaðri bifreið. Stefndi byggir einnig á því að stefnandi hafi kynnt sér ástand bifreiðarinnar fyrir kaupin og vísar í því sambandi til áritunar á afsali/reikningi þar sem segir að bifreiðin sé seld í því ástandi sem hún sé og kaupandi hafi kynnt sér og samþykkt; einnig að stefnandi hafi ekki látið yfirfara bílinn af óháðum aðila á eigin vegum þrátt fyrir ábendingu um það, sbr. áritun á fyrrgreindu afsali/reikningi. Á því er jafnframt byggt að stefndi geti ekki borið ábyrgð á ástandi bifreiðarinnar eins og því sé lýst í matsgerð þar sem ekkert komi fram um ástand hennar við söluna og upplýsingar skorti um heildarakstur á matsdegi. Þá er á því byggt af hálfu stefnda að kvartanir stefnanda hafi komið of seint fram og riftun sé óframkvæmanleg þar sem stefnandi geti ekki skilað bifreiðinni í sama ástandi og hún hafi verið við kaupin og verði krafa stefnanda tekin til greina er þess krafist að fullt tillit verði tekið til þess að stefnandi hafi ekið bifreiðinni frá afhendingu hennar.

Stefndi hafnar varakröfu stefnanda og telur hana vera órökstudda og ósannaða. Stefndi hafi afhent söluhlutinn, umrædda bifreið, í samningsbundnu ástandi á réttum stað og réttum tíma í samræmi við lög um lausafjárkaup. Ósannað sé að ætlaður galli í bifreiðinni sé vegna atvika sem stefndi beri ábyrgð á og fjárhæð skaðabótakröfunnar er mótmælt sem of hárr og órökstuddri. Þá verði, við hugsanlega ákvörðun bótafjárhæðar, að taka tillit til þess að með því að framkvæma viðgerð í samræmi við matsgerð muni verðgildi bifreiðarinnar aukast verulega og því sé eðlilegt að stefnandi beri nokkurn kostnað af viðgerðinni.

Við aðalmeðferð málsins kvað hinn dómkvaddi matsmaður vatnskassa bifreiðarinnar BJ-752 hafa verið mjög tærðan en skemmdir vegna steinkasts ekki sýnilegar. Með hliðsjón af venjulegum endingartíma vatnskassa, svo og aldri bifreiðarinnar á söludegi, verður ábyrgð ekki lögð á stefnda vegna þessa.

Í þjónustu- og smureftirlitsbók bifreiðarinnar BJ-752, sem fylgdi henni við kaupin, var skráð varðandi 60.000 km eða 48 mánaða þjónustu- og smureftirlit án undirritunar eða stimpils viðurkennds þjónustuaðila: „ 66482 Skipt um tímareim

og vatnsdælu og . . .“ Jafnframt er merkt við að skipt hafi verið um smursíu og olíu á vél.

Samkvæmt matsgerð var tímareim slitin og ventlar bognir og fastir en þar er um að ræða afleiðingu af bilun tímareimar. Matsmaðurinn kvaðst ekki telja að leki á vatnskassa hafi orsakað skemmdir á vélinni og annar leki hafi ekki verið sýnilegur við matsskoðun. Hann kvað tímareimina ekki einungis hafa verið sundurslitna heldur einnig trosnaða. Að áliti hinna sérfróðu meðdómenda sýnir þetta með vissu að ekki hafi verið skipt um tímareim og er það í samræmi við álit matsmannsins sem hann lýsti fyrir dóminum. Ástand bifreiðarinnar við söluna er samkvæmt þessu upplýst. Einnig er nægilega upplýst um akstur hennar á matsdegi.

Á framangreindum leyndum galla ber stefndi ábyrgð enda var ástand bifreiðarinnar að því leyti lakara við kaupin en stefnandi mátti gera ráð fyrir. Gallinn verður þó ekki talinn svo verulegur að fallist verði á aðalkröfu stefnanda um riftun og endurgreiðslu kaupverðsins og ber að sýkna stefnda af henni.

Um varakröfu stefnanda vegna framangreinds galla.

Samkvæmt dómvenju firrir eftirfarandi staðlað ákvæði í afsali/reikningi stefnda ekki ábyrgð: „Bifreiðasali hefur bent kaupanda á að láta óháðan aðila meta ástand bifreiðarinnar. Bifreiðin selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við að öllu leyti.“ Viðgerð mun leiða til þess að bifreiðin verði ökufær en ekki er fallist á að lækka beri bætur vegna þess að viðgerðin muni auka verðgildi hennar enda verður ekki talið að verðmætið verði umfram það sem verið hefði ef bifreiðin hefði ekki verið haldin umræddum leyndum galla við kaupin.

Samkvæmt framangreindu er fallist á, samkvæmt varakröfu stefnanda, að dæma beri stefnda til að greiða stefnanda skaðabætur. Bætur til handa stefnanda vegna viðgerðarkostnaðar, sem metinn var á bilinu 200.000 til 280.000 krónur, verða ákveðnar 250.000 krónur. Hinir sérfróðu meðdómendur áætla hæfilegan viðgerðartíma 14 daga. Fallist er á að stefnda beri að greiða stefnanda bætur vegna afnotamissis þann tíma og eru þær ákveðnar 50.000 krónur.

Samkvæmt framangreindu er niðurstaða dómsins sú að dæma beri stefnda til að greiða stefnanda 300.000 krónur. Stefnandi krefst ekki vaxta/dráttarvaxta samkvæmt varakröfu sinni. Dóminum er ekki fært að bæta um að því leyti þótt ætla megi að um mistök sé að ræða og verða vextir ekki dæmdir.

Stefnandi fékk gjafsóknarleyfi útgefið af dómsmálaráðuneytinu 27. október 2006. Þar er svofellt ákvæði: „Við rekstur málsins ber að gera þá réttarkröfu að málskostnaður verði tildæmdur gjafsóknarhafa eins og málið væri eigi gjafsóknar mál.“ Þessa var eigi gætt. Litið verður svo á að hér sé um að ræða skilyrði fyrir gildi gjafsóknarleyfisins og forsendu þess að unnt sé að dæma gagnaðila til greiðslu málskostnaðar sem renni í ríkissjóð til mótvægis við greiðslu málskostnaðar úr ríkissjóði til handa gjafsóknarhafa. Gjafsóknarkostnaður verður því eigi dæmdur. Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað sem er ákveðinn 350.000 krónur, þar með talinn 80.000 króna matskostnaður.

Mál þetta dæma Sigurður H. Stefánsson héraðsdómari og meðdómendurnir Sigurður Helgason og Valgarður Zophoníasson bifvélavirkjameistarar.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ingvar Helgason ehf., greiði stefnanda, Önnu Kristínu Pétursdóttur, 300.000 krónur.

Stefndi greiði stefnanda 350.000 krónur í málskostnað.

Sigurður H. Stefánsson

Sigurður Helgason

Valgarður Zophóníasson